

**Nd.**

**900. Nefndarállt**

um frumvarp til laga um stimpilgjald.

Frá meiri hlutanum.

Nefndin í því máli hefir ekki getað komið sjer saman um meðferð þess. Tveir af nefndarmönnum, Eggert Pálsson og Bjarni Jónsson, vilja halda málinu fram, en hinir nefndarmanna sjá sjer ekki fært, að fylgja frumvarpi þessu, nema því sje til muna breytt, en tími til að gera rækilegar breytingar alt of naumur.

Nánar verður svo gerð grein fyrir skoðun meiri hlutans í þessu máli við umræður í deildinni.

Alþingi 9. sept 1915.

Pjetur Jónsson,  
skrifari.

Guðm. Hannesson.

Þórarinn Benediktsson.